

IS 50V ÚTGÁFA 1.1

Hér er farið yfir helstu breytingar á IS 50V gagnagrunninum milli útgáfu 1.0 og 1.1 ásamt næstu skrefum í vinnu við gagnagrunninn.

Vatnafar

Breytingar hafa verið gerðar á línu- og flákafitjum í vatnafari en vatnapunktarnir eru óbreyttir.

- Ný strandlína er komin við alla þéttbýlisstaðina. Gögnin voru byggð á loftmyndum og SPOT-5 gervitunglamyndum. Nákvæmni gagnanna er talin vera 20 metrar nema á gögnum sem Landmælingar fengu frá Reykjavíkurborg en nákvæmni þeirra gagna er meiri en 20 metrar.
- Sjóflákinn var tekinn út úr flákagagnasafninu og einnig allar útlínur ramma (voru LU_FLOKKUR = 999) sem afmörkuðu sjóinn í línufitjum.
- Þær línur sem aðgreindu flóða-/aurasvæði fengu sama gildi og flákinn í dálkinn LU_FLOKKUR (702 í stað 999).
- NAME_ID var tengt á helstu stöðuvötnin og hafa tæp 1790 stöðuvötn fengið tengingu við nafn.
- Einnig voru ýmsar villur lagaðar og eigindataflan samræmd.

Hæðarlínur

- Ný strandlína er komin við alla þéttbýlisstaði landsins.
- Einnig voru ýmsar villur lagaðar og eigindataflan samræmd.

Samgöngur

Ný gögn voru sett inn í grunninn.

- Gögnin eru aðallega nýjir vegir á Reykjanesi en einnig fengu Landmælingar gögn frá Vegagerðinni. Öll nýju vegagögnin eru GPS-mældir vegir fyrir utan gögn frá tveimur stöðum af landinu; það eru vegagögn úr Hrísey og Vestmannaeyjum sem voru hnitúð af lágflugsloftmynd hjá Vegagerðinni.
- Auk þess var bætt við nýjum upplýsingum um yfirborð.

Mannvirki

Breytingar voru gerðar í öllum fitjuklösum lagsins.

- Í flákalaginu voru þéttbýlisflákarnir aðlagðir nýrri strandlínu og Keflavíkurflugvöllur var lagaður.
- Í línulagið fengu Landmælingar ný og yfirfarin gögn frá Landsneti. Eigindataflan var einnig samræmd og villur lagaðar.
- Í punktalaginu var eigindataflan samræmd. Allir punktar sem voru með mælikvarðann 1:250 000 voru teknir úr laginu.

Mörk

Breytingar voru gerðar í öllum fitjuklösum lagsins.

- Allar þær breytingar sem hafa verið á sveitarfélögunum eru komnar í grunninn miðað við 1. febrúar 2005. Á það við um sameiningu sveitarfélaga, breytingar á nöfnum og landfræðilegri staðsetningu sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru núna 101 en voru 104 í útgáfu 1.0.
- Fitjuklasarnir voru aðlagðir að nýrri strandlínu.

- Hjá Landmælingum Íslands er til tafla sem gefur upplýsingar um heimildir fyrir uppruna marka sveitarfélaga og umdæma sýslumanna. Í línulaginu er búið að setja inn gildi í eigind sem heitir MORK_KENNIT og eru gögnin þar notuð til tengingar við áðurnefnda heimildatöflu (Excel skrá).

Yfirborð

- Frá RALA fengu Landmælingar ný yfirborðsgögn af Snæfellsnesi (SPOT-5), Norðausturlandi og Suðurlandi (Landsat7). Nýju gögnin voru tengd við þau eldri. Yfirborðið þekur nú um 75 % landsins.
- Einnig var yfirborðið aðlagð að nýrri strandlínu og gögnin einfölduð þ.e. flákum fækkað (allir flákar sem voru ≤ 5000 m² voru sameinaðir stærri flákum).
- Vegna þess hve yfirborðið inniheldur mikið gagnamagn sem gerir það þungt í vinnslu hefur sérhverjum LU-Flokki yfirborðsins verið komið fyrir í sér lagi.

Örnefni

- Ýmsar villur (s.s. hliðruð nöfn) voru lagfærðar sem og breytingar sem hafa orðið á örnefnum.

Næstu skref

Stærstu breytingar á IS 50V grunninum fyrir næstu útgáfu eru strúktúrlegar. Auk þess sem flokkun gagnanna í útgáfunni kemur til með að samræmast nýjustu útgáfu LU-Flokkunar. Verið er að hanna nýtt skipulag (*Model*) fyrir grunninn sem mun gera alla vinnu með hann aðgengilegri og auðveldari. Grunnurinn verður með grannfræðilega uppbyggingu (*Topological rules*).

Á þessu ári verður megin áherslan lögð á að uppfæra mannvirkin.

Einnig verður haldið áfram með uppfærslur í vegum, mörkum og yfirborði.

Vinna við örnefni mun halda áfram en ekkert verður unnið í vatnafari eða hæðarlínum á þessu ári.

Í framtíðinni verður hver útgáfa bundin hverju lagi fyrir sig en ekki öllum lögnum í IS 50V grunninum.